



## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Verkfundur #12 Ljósleiðaraverkefni í Rangárþingi ytra  
1.2. **Dagsetning:** 10.5.2017 **Fundartími:** 9:00 – 11:00  
1.3. **Staður:** Skrifstofa Rangárþings ytra, Hellu  
1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daniélsson (GD)  
1.5. **Mættir:** Guðmundur Daniélsson(GD), Ólafur Einarsson(ÓE), Gunnar Þorsteinsson(GP), Lúdvíg Þorfinnsson (LP) (SP), Sævar Eiríksson (SE), Ágúst Sigurðsson (ÁG).

## 2. Dagskrá

---

- Útistandandi atriði frá ellefta verkfundi
- Framgangur við þá áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- GD lagði fram samantekt gagna og tillögu að ferli til úrlausnar vegna meints aukins umfangs við mælingar. Fundarmenn samþykktu framlögð gögn. Fundað verður sérstaklega um málið þann 17. Maí nk og leitast við að leysa.
- Til þess að áfangi 9 (og þar með áfangi 8) geti klárast þarf að ganga frá lagningu rörs frá tengivirki RARIK á Hellu að tengimiðju. ÓE er upplýstur um málið.
- Farið var yfir samlegð annarra lagna með ljósleiðaralögn í áfanga 10/12. Skoðað hefur verið að leggja vatnsleiðslu samhliða ljósleiðara á tilteknum köflum. Ákveðið var að úr því yrði ekki að svo stöddu.
- Vel hefur gengið að vinna niður lista yfir tengistaði sem illa hefur gengið að klára að fullu af misjöfnum ástæðum. Ákveðið var að þeir staðir verði reikningsfærðir samhliða þeim áföngum sem þeir tilheyra að því marki sem kostur er.
- Blástur ljósleiðara við áfanga 9 (Þykkvabæ) gengur að óskum og verkið er á lokametrum. Hafist verður handa við frágang á heimilum og tengingar í tengitunnum í vikunni. Áætlað er að áfanga 9 verði lokið í viku 20. Samhliða frágangi við áfanga 9 verður hafist handa við blástur strengja í áfanga 8 (Hella-Þykkvibær) og áætlað er að þeim áfanga ljúki um mánaðarmót maí/júní. Þá verða áfanga 8 og 9 mældir og í framhaldi tilbúnir til notkunar.
- Plægning röra gengur samkvæmt áætlun. Jarðvegsframkvæmdum er lokið við áfanga 11 (sunnan Suðurlandsvegur). Unnið er samhliða við plægningu áfanga 10 og 12 og er áætlað að jarðvinnu ljúki við áfangana tvo í viku 22, sem er samkvæmt útgefinni verkáætlun.
- Því verður hægt að blása strengjum og tengja heimili og stofnstreng í áföngum 10, 11 og 12 án tillits til jarðvegsframkvæmda. GP sagði að aukinn mannskapur yrði settur í verkið miðað við þessa stöðu svo að verklok geti orðið sem fyrst.
- GP og LP óskuðu eftir gögnum vegna áfanga 9. GD sendir gögnin.
- GP spurðist fyrir um líkindi þess að fjöldi tenginga í verkefninu yrði í samræmi við uppgögn fjölda í útboði. GD svaraði því til að hann hafi ekki skoðað nákvæmlega einstaka magntölur en miðað við fyrirbyggjandi uppgjörgögn sé ekki ástæða til að ætla að verulegt misræmi sé á milli gagna og rauntalna þó svo að vissulega væru frávik í einstaka liðum.
- ÁS spurðist fyrir um upptekt þjónustu. Þ.e. hlutfall þeirra tengistaða sem nú þegar hafa pantað sé fjarskiptþjónustu samanborið við fjölda tengistaða sem tilbúnir eru fyrir tengingu. GD svaraði því til að þegar þetta var skoðað síðast hafi hlutfallið verið ríflega 70%.
- Annað ekki rætt og fundi slitið.



## ***4. Niðurstaða / Næstu skref***

---

4.1. GD sendir gögn vegna áfanga 9.